



Laufey Valdimarsdóttir

Bjarni Benediktsson – Laufey Valdimarsdóttir – Mæðrastyrsnefnd – Kjör mæðra og barna – jafnréttir kvenna

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laufey Valdimarsdóttir
Þingholtsstræti 18
Reykjavík.

Reykjavík, 16. júní 1937.

Vegna þess að konurnar hafa engin samtök, sem ná til fjöldans og ekkert blað, sé ég engin ráð til þess að ná til hinna mörgu, sem hafa leitað til skrifstofu Mæðrastyrksnefndarinnar með mál sín, önnur en þau að skrifa bréf, Það eru liðin 9 ár síðan Mæðrastyrksnefndin fór að beita sér fyrir umbótum á kjörum mæðra og barna. Á þeim tíma hefur margt breyzt. Nefndin var skipuð konum allra stjórnmálaflokkja og er það enn, en eftir að séð var, að íhaldssamari stjórn-málamenn daufheyrðust við kröfum nefndarinnar, hurfu þær konur úr fylkingunni, sem voru ákveðnastar flokkskonur þeirra og það sýndi sig að nefndarkonur, sem taldar voru heyra til Sjálfstæðisflokkssins eða Framsóknarflokkssins negnuðu ekki að hafa áhrif á sína eigin flokksmenn til fylgis við þær réttarbætur, sem nefndin barðist fyrir. Hefir þetta sligað að miklu leyti pólitískar starfsemi nefndarinnar svo að samvinnan hefir snúist nokkuð í aðra átt, eins og kunnugt er um sumarstarfsemi nefndarinnar.

Grein sú, sem fylgir með bréfi þessu, sýnir eina hliðina á baráttunni fyrir þessum réttarbótum kvenna og undirtektir flokkanna. En það er ekki hægt í stuttu máli að sýna það endalausa strið, sem háð hefir verið stöðugt fyrir rétti einstakra kvenna. Fjöldinn af þeim konum, sem þetta bréf er sent, pekkja ein-hverjar hliðar þeirrar baráttu úr sínu eigin lífi. Þessi hlið af starfinu er nú að mestu leyti á ábyrgð formanns nefndarinnar, undirritaðrar, og því finnst mér, að ég hafi rétt til þess að skrifa þetta bréf -upp á eigin ábyrgð- og biðja ykkur að fylgjast með því, hverjur hafa altau staðið á móti réttarbótunum. Hvað margar ykkar hafa ekki sína sögu að segja um það, hvernig gengið hefir verið á rétt ykkar? Og þó vitum við það, að konur í þessum hóp, sem á svo mjög í vök að verjast, láta vera að kjósa, eða kjósa þá, sem altau hafa verið fjandsamlegir málstað þeirra.

Flokksbaráttan harðnar stöðugt og altau skýrist andstaðan á hagsmunum þeirra, sem vilja halda sínu fyrir öðrum, og þeirra, sem vilja ná í sinn skerf. Þess vegna gætir þess svo lítið í íhaldssömum flokk, þó einstaklingar væru þar til, sem vildu unna þeim réttar síns, sem eru ofurliði bornir. Það er ekkert fé til þess að borga þau útgjöld, sem slikt mundi hafa í för með sér, nema breytt sé þjóðfélagsfyrirkomulaginu, jafnað sé á milli landsins barna og öllum veitt hlutdeild í gjöldum þess. Þess vegna er engin von fyrir þá, sem eiga að sækja rétt sinn í hendur þeirra, sem hafa auð og völd, önnur en sú að standa saman og efla samtök alþýðunnar. Auðvitað eru konurnar kúgaðar á tvennan hátt, bæði vegna stéttar sinnar og kyns. Því væri eðlilegt að konur ýmsra stéttu og flokka, sem skyldu sameiginlega kúgun kvenna og hve langt er í land til jafnréttis kvenna, bæði um atvinnumál og mannréttinda-, hefðu með sér öflug samtök og pá myndu hinir ýmsu flokkar verða að taka tillit til þeirra. En engin slik mættug samtök kvenna eru enn til og þó svo væri mundu konurnar samt skipa sér í flokka eftir grundvallarstefnum.

Ég get ekki hugsað mér annað en að lífsreynsla ykkar, sem þetta bréf er sent, bendi ykkur á það, að styðja samtök alþýðunnar. Og svo framarlega sem þið teljið nokkurs virði þá baráttu, sem háð hefir verið fyrir rétti ykkar, finnst mér að þið myrduð líka vilja styðja að því að konur ættu fulltrúa á alþingi, sem fylgdi fast fram rétti þeirra. Sjálf hefi ég gefið kost á mér á lista Alþýðuflokkssins, A-listann, til þess að mæla með þeim flokki, sem ég treysti bezt til baráttu fyrir sameiginlegum áhugamálum okkar, og sem sýnt hefir að hann einn af núverandi þingflokkum hefir altau stutt kröfur okkar.

Ég hefi líka gefið listanum nafn mitt í þeirri von, að konur, sem skilið hafa þyðingu þeirrar vinnu, sem ég hefi reynt að leysa af hendi og þeirra mála, sem ég hefi barizt fyrir, vildu vegna þessara málefna gefa þeim lista atkvæði, sem ég væri á, ekki sízt þegar sýnt er, að aðrir flokkar hafa brugðist í þessum málum. Það er vitanlegt að þó um 5. sæti á lista sé að ræða, þá væri hægt að koma konu að, sem það skipaði, svo framarlega sem hún yki fylgi listans og konurnar flyttu hana upp, t.d. með því að breyta tölunni við nafn hennar í 1 og strika út alla þá, sem fyrir ofan væru, en gættu þess þó að krossa við bókstaf listans, t.d. (x A). Listinn tapaði engu með þessu, því hann fær óskert atkvæði allra þeirra, sem krossa við lista-bókstafinn, í þessu tilfelli A., og þetta gæti engu breytt um 3 efstu mennina, en gæti orðið til þess að 5. maðurinn fengi uppþótarsæti í stað hins 4. manns, sem yrði þá ekki nema varapíngmaður. Því aðeins leyfa löginn að breyta röð á lista að kjósendum er frjálst að sýna vilja sinn og hver kona, sem sýndi það með atkvæði sínu að hún vildi að þessi sameiginlegu mál okkar settu sérstakan stuðningsmann á alþingi, myndi styðja málstað kvenna og pólitisk áhrif.

Það má heita að aldrei sé minst á sérstök áhugamál og réttindamál kvenna í pólitískum umræðum og þarf ekki síður sérþekkingu í þeim málum en öðrum. Þá þekkingu, sem ég hefi á slíku, hefi ég begið af ykkur konur, sem hafið trúð mér fyrir ykkar vandamálum og kynnt mig þannig hinum óteljandi hliðum á réttleysi ykkar, og þetta gefur mér rétt til þess að vilja vera fulltrúi ykkar og málsvari, þó fátæklegt sé að koma fram aem sinn eigin formælandi.

En þó margri konu svíði réttleysi kvenna og að þær eru enn ekki teknar gildar sem félagar karlmannanna til þess að leysa vandamál þjóðarinnar, þrátt fyrir kvenréttindin, sem fengin eru að nafninu til, þá varðar þó allra mestu að sú stefna sigri, sem vill styðja rétt allra kúgaðra og umkomulausra. Samtök Alþýðunnar, Alþýðuflokkurinn, mega engu atkvæði tapa. Munið það, að eining alþýðunnar er sterkara og sannara kjörorð heldur en samfylking, sem hefir samkeppni í för með sér.

Þær konur, sem kynnu að vilja tala við mig í tilefni af þessu bréfi, geta hitt mig heima hjá mér á fintudags og föstudagskvöld og allan laugardaginn eftir hádegi. Bréfið er sent konum, sem hafa leitað míni eða skrifstofunnar um mál sín eða gefið upplýsingar um hagi sína vegna mæðrastyrksmálsins, eða sýnt því málí sérstakan áhuga. Það er sent án tillits til flokka, því stjórnmála-skoðanir ykkar eru mér ekki kunnar. En ég sný mér til ykkar, hverrar einnar, eins og konur hafa snúið sér til míni, og kem ein, upp á eigin ábyrgð, þar sem engin sterk kvennafylking er til, sem ber fram þessi mál.

Með vinsemð,
Lars Þórhilmarsson.